

Efnisyfirlit

Skólanámskrá Akrasels	2
Lög um leikskóla.....	2
Leiðarljós leikskóla.....	2
Markmið Akrasels	3
Hugmyndafræði Akrasels	3
Leikur	4
Nám.....	4
Innra starf.....	4
Grunnþættir menntunar.....	5
Lýðræði og mannréttindi.....	5
Jafnrétti	6
Læsi.....	7
Sjálfbærni.....	9
Heilbrigði og velferð.....	11
Sköpun.....	12
Leikskólinn.....	12
Rekstraraðili	13
Í dagsins önn	13
Viðburðir	14
Starfsáætlun - ársskýrslur – skóladagatal.....	16
Gæðaviðmið og mat á skólastarfi.....	16
Innra mat	16
Ytra mat	16
Foreldrasamstarf.....	17
Samstarf	18
Að lokum	20
Heimildaskrá.....	21

Skólanámskrá Akrasels

Upphafleg vinna að skólanámskrá hófst strax við opnun leikskólans árið 2008 en með formlegum hætti í ársbyrjun 2011 með sameiginlegum fundi leikskólanna á Akranesi. Í þessari upphafsvinnu valdi starfsfólkið lykilhugtök sem eru einkennandi fyrir starfið og þá námsumgjörð sem boðið er uppá: Jákvæðni – Nærvera - Virðing.

„...með jákvæðni viljum við draga fram gleði sem leiðir af sér góða nærveru. Nærveru sem inniheldur hlýju, umhyggju, vináttu og samvinnu sem er lykilþáttur í leikskólastarfi. Með virðingu stuðlum við að auknu jafnræði innan leikskólans.“
(samantekt vinnufundar sem haldinn var 2. janúar 2011 í Akraseli)

Allt starfsfólk kom að gerð þessarar námskrár þó með mismiklum hætti. Það má segja að starfsfólk hafi hafist handa strax við opnun leikskólans. Strax í upphafi var ákveðið að plaggið skyldi vera lifandi og auðskiljanlegt. Segja má að við höfum byrjað á samantekt á aðalatriðum námskrár – fyrst voru lykilhugtök skráð, markmið og leiðir þeirra rædd og sett á plaköt sem prýða veggja leikskólans.

Námssvið leikskólans í aðalnámskrá eru lýðræði og mannréttindi, læsi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og sköpun. Hér verður gerð grein fyrir hvernig námssviðin birtast í starfi Akrasels. Til hliðsjónar öllu okkar starfi er unnið eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin eru alþjóðlegur vegvísir að sjálfbærri þróun til að tryggja jarðarbúum betra líf án þess að fara illa með jörðina. Markmiðin eru 17 talsins. Öll aðildaríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að ná settum markmiðum á næstu 15 árum eða frá árunum 2016 til 2030 (Bardales og Arenas, 2014).

Lög um leikskóla

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi utan um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang starfsins og markmið þess. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögunum. Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. (Aðalnámskrá 2011. bls.7).

Leiðarljós leikskóla

Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar. Sá tími sem barnið ver í leikskólanum er mikilvægur þáttur í námi og þroska þess. Í samvinnu við foreldra á leikskólinn að einsetja sér að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna.

Eitt af hlutverkum leikskólans er að bjóða upp á hvetjandi námsumhverfi sem stuðlar að öryggi barna og vellíðan þeirra. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og hæfni þeirra undir leiðsögn kennara. Forvarnarstarfi skal sinnt með því að stuðla markvisst að velferð barnanna og farsælli leikskólagöngu. Mikilvægt er að hvert barn fái að njóta sín og kennari geri viðeigandi ráðstafanir ef þörf þykir og nýti þá stoðþjónustu sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Hugtökin uppeldi, umönnun og menntun mynda eina heild í leikskólastarfinu.

Í leikskólanum er borin virðing fyrir börnunum, þeim sýnd umhyggja, hvatning og þau fá í hendur viðfangsefni við hæfi. Öll börn eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans (Aðalnámskrá 2011).

Markmið Akrasels

Markmið leikskólans eru að börnin tileinki sér þá hæfni sem krafist er af þeim til að takast á við sjálfan sig og lífið í samskiptum við aðra. Að barnið læri þannig að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og öllu umhverfi sínu og öðlist á þann hátt hæfni í að tjá sig og afla sér nýrrar þekkingar. Börnin eru að læra og æfa sig allan daginn. Við viljum leggja áherslu á jákvæðni, nærveru og virðingu sem hluta af uppeldisstarfinu. Við leggjum áherslu á jákvæðan aga í uppeldi með skýrum skilaboðum, ákveðnum mörkum, virkri hlustun og mikilvægi fyrirmýnda. Með jákvæðni viljum við draga fram gleði sem leiðir af sér góða nærveru. Nærveru sem inniheldur hlýju, umhyggju, vináttu og samvinnu sem er lykilþáttur í leikskólastarfi. Með virðingu stuðlum við að auknu jafnræði innan leikskólans.

Hugmyndafræði Akrasels

Leikurinn er helsta náms- og þroskaleið barnsins, og er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Við vinnum út frá kenningum John Dewey um uppgötvunarnám ásamt því að vera í þróunarvinnu með kenningar Mihaly Csikszentmihaly um flæði. Flæði er það ástand sem myndast þegar einstaklingar eru svo niðursokkinn í athöfn að ekkert annað kemst að, verkefnið á hug hans allan og hann gleymir jafnvel stund og stað.

Einkunnarorð Akrasels eru: „*Náttúra-Næring-Nærvera*“

Náttúra

Markmið leikskólans er að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar, upplifi hana af eigin raun, læri að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska. Það gerum við með því að nýta okkar það sem umhverfi okkar býður upp á. Umhverfismenntun er samofin endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi okkar sem m.a. felst í flokkun og endurnýtingu.

Næring

Leitast er við að bjóða upp á hollan, ferskan og næringarríkan mat og er matseðill sniðinn að þörfum barna út frá manneldissjónarmiði. Flest allur matur er unninn frá grunni, eins eru hráefni og krydd valin án allra aukaefna. Boðið er upp á ferskt eða soðið grænmeti með öllum mat. Á hverjum degi er einnig boðið upp á ávexti eða grænmeti.

Nærvera – Jóga

Með ástundun jóga þjálfum við okkur í að tengja saman huga og líkama. Í vinnu með vinsamlegri snertingu er lögð áhersla á að börnin læri að setja öðrum mörk og virða þau mörk sem aðrir setja. Þannig stuðlum við að meira jafnvægi, trausti og ábyrgð í lífi okkar. Jóga er kerfi sem sameinar margar æfingar eða stöður sem hjálpa líkama og huga okkar að vinna saman að því að byggja upp styrk, sveigjanleika, jafnvægi og einbeitingu. Þannig stuðlum við að umhyggju, hlýju, vináttu og virðingu.

Leikur

Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja hvetjandi leikumhverfi. Upplifun barna glæðir leikinn lífi og innihaldi. Með leikinn að leiðarljósi leggur leikskólinn áherslu á þarfir, virkni og frumkvæði einstaklingsins, svo barnið fái best notið sín. Opinn efniviður er efniviður og leikföng sem örva sköpunargleði barnanna, gerir þau meðvituð um eigið sjálf og umhverfi þeirra og eflir hugmyndaflug þeirra enn frekar. Hann býður ekki upp á tilbúna fyrirfram ákveðnar lausnir, heldur er hægt að nota hann aftur og aftur á nýjan og ólíkan hátt. Efniviðurinn vekur forvitni hjá börnum sem síðan hvetur þau til að rannsaka efnið enn frekar og prófa sig áfram. Kubbar eru gott dæmi um opinn efnivið.

Nám

Leikskólanám er samþætt nám sem felur í sér að nemendur læra við mismunandi aðstæður. Stór hluti af leikskólastarfinu er fólgin í umönnun og daglegum venjum þar sem gefast mörg tækifæri til að örva nám nemenda. Með því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust milli nemenda og kennara. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Þeir eru einnig fyrirmyndir barna í orði og athöfnum. Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem mikilvægt er að börn þrói með sér. Skipulag og búnaður leikskólans stuðlar að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, undrun, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Með því að spyrja opinna spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni, hvetja leikskólakennarar börnin til skapandi hugsunar. Þeir þurfa einnig að skapa aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig fá börnin tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margvíslega reynslu. Akrasel vinnur með lífsleikni. Við reynum eftir fremsta megni að kenna börnum að leysa sjálf úr ágreiningsmálum sem upp koma með því að kenna þeim að lesa í líðan hvers annars, ræða um sanngirni og spyrja opinna spurninga.

Innra starf

Hver og ein deild skipuleggur innra starf sinnar deildar. Við nýtum þann mannauð sem er í húsinu hverju sinni. Á heimasíðu Akrasels akrasel.is má finna árganganámskrár fyrir alla árganga.

Hlutverk kennara

Við leggjum áherslu á að starfsfólk tileinki sér jákvæð samskipti við börn, foreldra og sín á milli. Þolinmæði, hjálpsemi og umburðarlyndi er stór þáttur í að vera fyrirmynd í starfi. Að þora að hrósa samstarfsfólki, gagnrýna og viðurkenna eigin mistök er lykilþáttur í að vera í sífelldri sjálfsskoðun. Hlutverk starfsfólks er að styðja við þroska, félagsleg samskipti og leik barnanna og að sjá til þess að hvert og eitt barn sé metið að sínum verðleika. Kennarar skulu alltaf vera hvetjandi og þeim ber að aðstoða börnin í að sýna sjálfstæði og frumkvæði. Í öllu starfi leikskólans jafnt utandýra sem innan er mikilvægt að kennarar séu á svæðinu, fylgjast með leik barnanna og að þeir séu vel dreifðir um svæðið.

Grunnhættir menntunar

Lýðræði og mannréttindi

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif.

Í Akraseli er unnið með samábyrgð, börn upplifa þýðingu sína og mikilvægi í samskiptum og á milli þeirra skapast umhyggja og traust. Mikilvægt er að börnin læri að velja og kjósa, þannig eykst skilningur á lýðræðislegum ákvörðunum og gefur nýja nálgun í námi barnanna. Foreldrasamstarf, frelsi, flæði og umhyggja leiða af sér félagshæfni og lífsleikni. Gagnrýn hugsun, ígrundun og samstarf við aðrar stofnanir eru okkur mikilvægar.

Lífsleikni

Lýðræði og mannréttindi í Akraseli felast m.a. í því að börnin uppgötvi á eigin forsendum. Umhyggju og virðingu sjáum við í samskiptum barna, foreldra og starfsfólks. Markviss vinna með vináttu og umburðarlyndi skilar sér í fallegum samskiptum á milli barna. Virðing er borin fyrir menningu og áhugamálum barnanna og þau njóta þess að skapa og tjá upplifun sína á ýmsa vegu, t.d. í leik með kubbana, í myndlist, tónlist, dansi og í leikrænni tjáningu. Þannig taka þau virkan þátt í að móta menningu leikskólans með þátttöku í fjölmennningarverkefnum sem leikskólinn er þátttakandi í. Kennarar spila stórt hlutverk þegar kenna skal uppeldi til lýðræðis. Fram kemur að hlutverkið sé tvenns konar; annars vegar að skipuleggja umhverfið og uppeldistarfið og hins vegar að gera sér grein fyrir hvernig uppeldisleg sýn þeirra og gildi hafa áhrif og lita starfshætti þeirra. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að börn og kennarar beri virðingu og umhyggju fyrir öðrum, þrói með sér samkennd, tillitsemi, hjálpsemi, góðmennsku, umburðarlyndi og vináttu. Góðar fyrirmyndir eru gulls ígildi.

Barnasáttmálinn

Barnasáttmálinn er fyrirmynd skólanámskrár þar sem rödd barnsins er aðalatriðið, réttur barnsins til eigin skoðana og hugmynda eins og við viljum að speglist í framsetningu og framboði á leikfni í leikskólanum. Hvert barn fær tækifæri og/eða hvatningu til að velja sér viðfangsefni með aðstoð fullorðinna.

Forvarnir

Íslenska ríkið lögfesti [Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna](#) árið 2013. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi; þau eigi sín eigin réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Heilsugæslan og leikskólar sinna fjölbreyttri forvarnatengdri þjónustu við börn og foreldra fyrstu árin. Á Íslandi voru lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna samþykkt árið 2021. Akraneskaupstaður er eitt af frumkvöðla-sveitafélögum í innleiðingu þessara laga. Öll börn eiga að njóta sömu réttinda án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúar, ættar, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna.

„Lögum þessum er ætlað að stuðla að farsæld barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Við framkvæmd laga þessara skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Þeir sem bera ábyrgð samkvæmt lögum þessum skulu:

- 1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.*
- 2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.*
- 3. Hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra (lög um samþættingu þjónustu í þágu barna nr. 86/2021)“.*

Heimsmarkmiðin

Akrasel er fyrsti UNESCO leikskólinn á Íslandi. UNESCO-verkefni auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og þekkingu nemenda á málefnum heimsmarkmiðanna. Verkefnin eru þverfagleg og passa vel inn í grunnþætti aðalnámskráa leikskóla. Elstu börn leikskólans fá kynningu á heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna.

Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Í Akraseli er nemendum búin jöfn skilyrði til náms. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar, snemmtæka íhlutun, einstaklingsmiðað nám, lífsleikni og samstarf heimilis og leikskóla. Allir eiga sama tilverurétt, sama hvernig þeir eru eða hvaðan þeir koma. Þjóðlegar hefðir eru í hávegum hafðar. Akrasel tekur þátt í alþjóðlegum verkefnum eins og Erasmus+, Comenius og Nordplús samstarfi til eflingu fjölmennningar.

Í jafnrétti felst að ganga ekki á rétt annarra, virða rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og virða þar með skoðanir allra, bæði barna og fullorðinna. Mannréttindi og jafnrétti fléttast inn í daglegar venjur leikskólans þar sem börnin velja sjálf viðfangsefni sín, fá tækifæri til að læra hvert af öðru, leysa úr ágreiningi sem upp kemur, hjálpast að og þróa leik sinn. Sami leikurinn er stundum í marga daga, þar sem börnin leika með sama viðfangsefni á ólíkan hátt, t.d. endar pappakassi sem búið er að nýta í sköpun ekki líf sitt þannig, því haldið er áfram að vinna með pappakassann og skapa úr honum eitthvað annað. Með þessu móti læra börnin að bera virðingu fyrir verkum og vilja annarra, þau verða ábyrg gagnvart hvert öðru og læra að bera ábyrgð á eigin gjörðum.

Stoðþjónusta

Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum. Ástæðurnar geta verið margar eins og t.d. fötlun, þroskafrávik eða félagslegir og tilfinningalegir erfiðleikar. Öll börn þurfa að fá viðfangsefni við hæfi. Ávallt skal gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og þörfum barns fyrir stuðning sé mætt innan barnahópsins eins og hægt er. Mikilvægt er að barnið einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins.

Yngstu börnin

Núna þegar börnin byrja í leikskóla aðeins árs gömul þurfum við að mæta annars konar þörfum þessa hóps. Til að mynda er svefnrútinan þeirra önnur og sum þeirra ekki farin að ganga eða matast sjálf. Við mætum þörfum yngstu barnanna með sveiganleika og umhyggju.

Vinátta

Vinátta er danskt kennsluefni og heitir á frummálinu *fri for mobberi* sem mætti þýða beint sem laus við stríðni eða laus við einelti. Vinátta er forvarnarverkefni gegn einelti. Vináttu verkefninu er ætlað að þjálfa félagsfærni og samskipti ásamt því að stuðla að góðan skólabrag. Rannsóknir í Danmörku leiða í ljós að nemendur sem hafa tekið þátt í vináttu verkefninu sýndu meiri samhygð, umhyggjusemi og hjálpssemi en önnur börn. Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

- Umburðalyndi
- Virðingu
- Umhyggju
- Hugrekki

Hugmyndafræði Vináttu er samþætt inn í allt námsefni Vináttu með raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Sérstakar vináttustundir eru einusinni í viku. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu. Blæ fylgja litlir hjálparbangsar sem ætlaðir eru hverju barni sem tekur þátt í Vináttu. Blær og hjálparbangsarnir tákna traust og vináttu og er ætlað að minna börnin á að passa upp á aðra og að vera góður félagi allra. Allir á Akraseli fá sinn eigin Blæ.

Líðanviðtöl

Á eldri kjarna leikskólans taka leikskólakennarar líðan viðtöl við nemendur. Þar er farið yfir þætti eins og hvernig börnunum líður þegar þau koma í leikskólann, hvernig þeim líður í ákveðnum aðstæðum í leikskólanum, hvort þau eigi vini í leikskólanum og hvernig þeim þyki maturinn vera í leikskólanum. Þessi viðtöl gefa góða mynd af hverju og einu barni og það kemur fyrir að upp koma upplýsingar sem koma á óvart og þarfnast nánari skoðunnar.

Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Að vera læs á umhverfi sitt felur í sér að barnið geti skynjað, skilið, túlkað, gagnrýnt, miðlað talmáli, ritmáli, myndmáli, tölum og öðrum kerfum tákna. Það hvetur barnið til þess að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Leikni barna til samræðu eykur þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi.

Í Akraseli nýtum við nærveru og samvinnu til þess að styrkja þekkingu, leikni, upplifun, tilfinningar, skoðanir og hæfni til að lesa í umhverfi okkar. Við gerum tilraunir með tölur, stafir, upplýsingatækni, lestur og eigin líkama. Við leggjum áherslu á að börnin læri að setja sjálfum sér mörk og virða þau mörk sem aðrir setja. Þau upplifa þýðingu sína og mikilvægi í samskiptum og á milli þeirra skapast traust. Leikskólinn tekur tillit til ólíkra tjáskipta barna. Vinna að þessu tagi eykur sjálfstraust, sjálfsaga og samkennd.

Málrækt

Málrækt er einn af lykilþáttum í leikskólastarfinu, hún er samofin öllu okkar starfi og fer fram bæði markvisst og ómarkvisst. Við syngjum, spjöllum, spilum, lesum, hlustum, skoðum, veltum fyrir okkur, rannsökum og upplifum. Við notum mælitækin Tras og Hljóm-2 til að fylgjast með málþroska barnanna og ef þörf er á vísun við börnum í málþroskamát til talmeinafræðings.

Samvera

Hver og ein deild skipuleggur samverustundir, þær eru mikilvægur vettvangur til samskipta og skipulags innan deildanna með börnunum. Samverustundir eru nýttar til málörvunar, til dæmis lestur, leiki, söng og spjall. Við förum yfir dagskipulagið og dagatalið, ræðum heiti daga, mánaða, veðurfar og árstíða. Samverustundir eru líka vettvangur sem við notum til að kjósa um ýmis mál eins og hvaða bók skuli lesa næst, hvað við eigum að hafa í matinn en hver deild fær að velja mat einu sinni á hverri önn, hvert eigi að fara í gönguferð osfr.

Orðspor

Orðaforði er einn af grundvallarþáttum lesskilnings og mikilvæg undirstaða alls náms. Þess vegna er nauðsynlegt að styðja við máltöku barna og leggja áherslu á orðaforða. Í Akraseli vinnum við með orðasafn mánaðarins sem unnin er upp úr Orðaforðalista sem Menntamálastofnun gaf út árið 2017. Hann inniheldur hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu. Búin hafa verið til fótspor „Orðspor“ sem á eru orð og mynd. Þau eru fest á gólfið á ganginum þar sem þau eru sýnileg fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Hugmyndin með orðsporum er að fá upp umræður milli barnanna sem eflir þá um leið orðaforða þeirra og þar með áhuga þeirra á viðfangsefninu.

Lubbi

Námsefni Lubba eflir hljóðkerfisvitund barna. Lubba „verkefni“ eru fólgin í því að hjálpa Lubba að finna málbein. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar mikið til að læra að tala. Þá þarf hann að læra öll íslensku málhljóðin. Hann veit að þegar hann hefur lært þau öll losnar um málbeinið og hann getur leyst frá skjóðunni. Hann hefur örugglega frá mörgu að segja. Til að ná því marki þarf hann að leysa ýmsar skemmtilegar þrautir.

Lesið fyrir Lubba

Þetta er verkefni fyrir næst yngsta árgang leikskólans. Bækur eru bæði fræðandi og skemmtilegar og veita lesandanum innsýn í annan heim. Verkefnið Lubba lestur fer þannig fram að nafn barns er dregið út og það barn fer heim með mynd af Lubba. Heima velja þau sér bók (helst ekki Disneybók) sem lesin er nokkrum sinnum heima með foreldrum sínum fyrir Lubba. Þau koma svo með bókina í leikskólann og er hún lesin fyrir allan hópinn. Með þessu erum við að halda áfram að efla lestur, hlustun, orðaforða, málskilning, minni, hljóðkerfisvitund og læsi.

Bókaormur

Þetta verkefni er ætlað þremur elstu árgöngum leikskólans. Verkefnið „bókaormur vikunnar“ fer þannig fram að nafn barns er dregið út og það barn fer heim með hálsmen/spjald sem á stendur „bókaormur vikunnar“. Heima velur barnið sér bók sem lesin er nokkrum sinnum með foreldrum. Þau koma svo með bókina í leikskólann. Barnið segir frá innihaldi bókarinnar hér í leikskólanum og bókin er lesin fyrir allan hópinn. Með þessu erum við að efla lestur, hlustun, orðaforða, málskilning, minni, hljóðkerfisvitund og læsi.

TRAS

Tras skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun og málþróun hjá tveggja til fimm ára börnum. Skráningin er gerð á 6 mánaða fresti. Ekki er um eiginlega fyrirögn að ræða heldur leitar sá leikskólakennari sem best þekkir barnið svara við spurningunum á skráningarlistanum með því að fylgjast með barninu í leik og starfi. Spurningarnar á Tras skráningarlistanum flokkast undir þrjú færnisvið sem hvert um sig á ákveðinn lit á skráningarblaðinu.

1. Samleikur, tjáskipti/ samskipti og athygli/einbeiting.
2. Málskilningur og málmeðvitund.
3. Framburður, orðaforði og setningamyndun.

Markmið með TRAS skráningarlistanum er:

- Að unnt sé að grípa inn í með snemmtækri íhlutun, markvissri aðstoð ef grunur vaknar um frávík.
- Að foreldrar fái ráðgjöf og leiðbeiningar.

HLJÓM-2

Með Hljóm-2 er verið að kanna hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskóla. Hljóðkerfisvitund getur gefið okkur vísbendingar um lestrarerfiðleika. Það er lagt fyrir öll leikskólabörn að hausti á síðasta ári í leikskóla. Með hliðsjón af niðurstöðum prófsins er síðan unnið með þau atriði sem þörf er á að þjálfra sérstaklega hjá hverju barni. Niðurstöður fylgja börnunum upp í grunnskólann þar sem þær eru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu lestrarnáms. Í Hljóm-2 eru lögð fyrir 7 atriði sem öll gefa vísbendingar um ákveðna áhættu. Þau skiptast í eftirfarandi flokka:

- Rím
- Samstöfun
- Samsett orð
- Hljóðgreining
- Margræð orð
- Orðhlutaeyðing
- Hljóðtenging

Mio

MIO er skimunarefni í stærðfræði fyrir leikskóla. Hvert barn er skimað þrisvar á leikskólagöngunni. Skimunin fer fram við daglegar athafnir og starf í skólanum og taka allir starfsmenn viðkomandi deildar þátt í henni. Matið tekur til þriggja meginsviða stærðfræðinnar sem eru þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi.

Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Í Grænánaleikskólanum Akraseli eru umhverfismennt og sjálfbær þróun hluti af markmiðum skólans. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfinu sínu og náttúru. Við leggjum áherslu á uppgötvunarnám og gefum börnum kost á fjölbreytni í leik og námi. Skilningur, gagnrýn hugsun, ferli og hringrás náttúrunnar eru grundvöllur þess að vinna eftir

hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þannig eflum við skilning barnsins á samspili umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar.

Sjálfbærni tengist fjölmörgum menningarlegum, félagslegum og efnahagslegum þáttum og er unnið með hana þvert á allt starf leikskólans. Hugmyndir um sjálfbærni í verki má finna í innkaupum leikskólans, vali á þeim efnivið sem nýttur er í sköpun og leik með börnum, umhverfismennt, endurvinnslu, jafningjafræðslu starfsfólks og fleiru. Á lóðinni okkar eru ræktunarkassar þar sem við ræktum kartöflur og grænmeti. Berjarunnar eru víðsvegar í garðinum. Allur lífrænn úrgangur er jarðgerður og ferlið hefst inni á deildum þar sem börnunum er kennt að flokka lífrænan úrgang. Í Akraseli er tvöföld jarðgerð. Annars vegar allur lífrænn úrgangur sem fer í tunnur inni á deild, þar sem rotnunarferlið hefst og þær tunnur eru síðan tæmdar í jarðgerðar tunnur úti á lóð. Hins vegar er svo sérvalinn úrgangur sem fer í ormajarðgerð sem er inni á hverri deild. Ormarnir borða ekki allan lífrænan úrgang og því þarf að passa vel upp á hvað þeir fá. Umhverfismennt snýst um manninn í samspili við umhverfi sitt. Akrasel hefur verið Grænfánaskóli frá því í ágúst 2011 og skóli á grænni grein frá upphafi. Eitt af hlutverkum Grænfánaleikskóla er að skila skýrslu til Landverndar. Akrasel vinnur með upplifun, nýtingu, flokkun, moltugerð og ormamoltu svo eitthvað sé nefnt. Akrasel tekur þátt í Bláfána verkefni Akraneskaupstaðar undir stjórn garðyrkjustjóra. Markmið verkefnisins er að börn kynnist ströndinni, læri að þekkja lífríki hennar, læri um náttúruna, góða umgengni við ströndina og að bera virðingu fyrir náttúruöflum.

Umhverfismennt

Markmið leikskólans er að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar, upplifi og njóti náttúrunnar sér til gleði sem og læri að tileinka sér aðferðir til sjálfbærni í framtíðinni. Umhverfismenntun samtvinnast við endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi okkar sem felst m.a. í flokkun og endurnýtingu. Við viljum að börnin upplifi af eigin raun og læri að njóta náttúrunnar sér til gleði og aukins þroska.

Markmið leikskólans Akrasels með umhverfismennt er að:

- njóta náttúrunnar í leik og kennslu
- ganga um náttúru okkar af virðingu
- flokka úrgang og pappír (endurnýta)
- endurnýta ýmsan efnivið í leik og skapandi starfi

Dósaflipar

Við á Akraseli söfnum dósaflipum og komum þeim í réttar hendur. Við hvetjum foreldra og börn að leggja okkur lið í þessu verkefni. Á öllum drykkjadósum eru litlir flipar. Þessir litlu gaurar eru gerðir úr sterkari málmblöndu en sjálf dósir og þá er hægt að nota í málmbæðslu. Í Danmörku hefur í nokkur ár verið safnað fyrir stoðtækjum handa fólki sem misst hefur útlími. Vert er að nefna að þó flipinn sé tekinn af dósinni fæst samt fullt skilagjald fyrir hana. Í Asíu og sérstaklega Taílandi er fátækt mikil og algengt er að fólk fái ekki lækniþjónustu vegna sykursýki og slöngubita. Það þýðir að margir verða fyrir því að missa útlími, fót eða fætur af þeim sökum.

- Í Asíu eru yfir 400.000 manns sem vantar á annað hvort annan fótinn eða báða.
- Yfir 50.000 manns hafa fengið gervifót úr þessu verkefni

Hér má lesa meira um þetta verkefni: <https://daaseringe.dk/>

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Akrasel er heilsuefandi leikskóli og tekur þátt í heilsuefandi samfélagi. Áhersla er lögð á útinám, jóga og hollt mataræði. Stór þáttur í útinámi er að taka áhættu og takast á við ögrandi hreyfingar. Upplifun í náttúrunni er að geta fyllt vitin af fersku lofti, greina angan af gróðri og hlusta á hljóðin sem heyrast frá umhverfinu. Jógaástundun með börnum miðar að því að þau viðhaldi meðfæddum liðleika, byggi upp styrk og auki sveigjanleika, jafnvægi, einbeitingu og seiglu auk þess að stuðla að spennulosun og innri ró. Góð næring skiptir miklu máli fyrir líðan barna og því er lögð áhersla á hollar neysluvenjur og góða samsetningu fæðunnar sem í boði er. Í leikskólanum stunda börnin fjölbreytta hreyfingu og útivist. Á hverjum degi leika börnin sér úti og inni, hvíla sig og slaka á. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hún hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Allt starf leikskólans miðar að líkamlegu og andlegu heilbrigði barnanna og velferð þeirra, samanber lýðheilsustefnu leikskólans. Öll börn í leikskólanum fara í hvíld eftir hádegisverð. Yngri börnin sofa eins og aldur þeirra og þroski segir til um en eldri börnin fara í rólega stund þar sem þau leggjast niður með teppi og bangsann Blæ og hlusta á sögu.

Útivera

Á Akraseli leggjum við mikla áherslu á útiveru og útinám. Útileiksvæðið býður upp á ýmsa möguleika hvort sem er til sjálfsprottinna leikja eða skipulagðra hreyfileikja. Lögð er áhersla á að börnin fari í gönguferðir og/eða hjólaferðir eins oft og aðstæður leyfa. Skipulagðar ævintýraferðir eru farnar í hverri viku. Vegalengdir ferða miðast við getu og þroska barnanna. Með því að fara í ferðir kynnast börnin nær- og fjærumhverfi sínu. Nærumhverfi Akrasels er sérstaklega skemmtilegt þar sem í næsta nágrenni leikskólans er skógrækt, safnasvæði og Langisandur. Þetta eru svæði sem eru elstu börnum leikskólans vel kunn og eru þau öll notuð í markvisst útinám.

Matartímar

Matartímar í leikskólanum er notalegur tími. Þar fara fram skemmtilegar samræður um allt milli himins og jarðar og þar gefst einnig tækifæri til að ræða um hollustu. Á Hömrum er matstofa á hverri deild þar sem börnin skammta sér sjálf, þar er lögð áhersla á að minnka matarsóun. Með matstofunni erum við að efla sjálfstæði barnanna þar sem tekið er mið af þroska og getu barnahópsins. Ef það hentar ekki hópnum að vera með matstofu er farið til baka og matartímar hafðir eins og á yngri deildum og lengri tíma í aðlögun á matstofu er gefinn. Leikskólinn býður upp á hefðbundinn heimilismat sem er að mestu unnin frá grunni. Stuðst er við handbók fyrir leikskólaeldhús og ráðleggingar um mataræði frá Landlækni.

Hvíld

Yngstu börnin sofa inni í innri herbergjum deildanna. Þau fá dýnu og lak frá leikskólanum en koma með teppi, kodda og „kúrudýr“ að heiman. Öll börn leikskólans fara í hvíld eftir hádegi. Eldri börni fá dýnur og bangsann Blæ í leikskólanum en koma með teppi og kodda að heiman. Í hvíld með eldri börnunum er ýmist lesin bók eða hlustað á sögur og ævintýri.

Sjálfhjálp og hreinlæti

Við hvetjum börnin til að gera sem mest sjálf þegar þau eru að klæða sig í og úr. Í fataherbergi erum við með sjónrænt skipulag þar sem börnunum er bent á hvernig best sé að klæða sig eftir

veðri. Með sjónrænu skipulagi verða börnin öruggari og læra að skipuleggja sig betur. Smám saman læra þau hvernig á að klæða sig eftir veðri. Mikilvægt er að leyfa börnum að gera sem mest sjálf, þannig öðlast þau góða færni í sjálfshjálpi og auk þess að þjálfar gróf- og finnhreyfingar. Áhersla er lögð á að gefa hverju og einu barni góðan tíma til þess að klæða sig. Mikilvægt er að börn læri góðar hreinlætisvenjur í leikskólanum en að sjálfsögðu fer það eftir aldri og þroska barna hversu mikla aðstoð og eftirfylgni þau þurfa. Almenn snyrtimennska er í fyrirrúmi en lögð er sérstök áhersla á að börn þvoi sér eftir salernisferðir, útivist og fyrir og eftir máltíðir.

Sköpun

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Akrasel vinnur með opinn efnivið, endurvinnanlega hluti, innsæi og tilraunir, fjálsta tjáningu og leik. Skapandi starf felur í sér ferli, gleði, tjáningu og sjálfsprottið nám sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá notið sín. Sköpun fléttast inn í alla grunnþætti leikskólans þar sem börnin fá notið fjölbreytileika og áskoranna til frekari þroska. Sköpunargleði barnanna nýtur sín í leik með opinn efnivið, t.d. einingakubba, holukubba og alls kyns verðlausan efnivið, þar sem lausnirnar eru ekki gefnar fyrirfram. Þess vegna mistekst engu barni, heldur eflist útsjónarsemi og gleðin við að gera tilraunir þar sem það fær tíma og rými til að prófa aftur og aftur. Undrun er þáttur í skapandi hugsun og í leiknum rannsaka börnin möguleika út frá mörgum sjónarhornum. Lögð er áhersla á lærdómssamfélagið þar sem við lærum hvert af öðru og enginn veit eina rétta svarið. Skapandi starf beinist fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, gleðinni, hamingjunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Akrasel styðst við uppeldiskenningar bandaríska heimspekingsins og menntafrömuðarins Johns Dewey um lýðræði í leikskólastarfi og í samræmi við heimspeki hans reynir kennarinn að auðga reynsluheim barnsins. Hann spyr opinna spurninga og hvetur það til að prófa, komast að niðurstöðu, efast og prófa aftur. Börn eru virk og skapandi í eðli sínu, þau undrast og læra af reynslunni að þekkja getu sína og takmörk. Menntunin felst í ferlinu en ekki afurðinni. Starfsemi Akrasels stuðlar að því að börnin öðlist hamingju, efla færni sína við að taka ákvarðanir og byggja á sínum eigin styrkleikum. Börnin læra að bera virðingu fyrir verkum og vinnu annarra og taka þátt í gleði hvors annars þegar einhver hefur áorkað eitthvað því það tekur tíma að skapa hluti.

Leikskólinn

Leikskólinn Akrasel er sex deilda leikskóli með rými fyrir 140-150 börn. Þann 8.ágúst 2008 var hluti leikskólans tekin til notkunar. Á vormánuðum 2009 var húsið afhent og formlega vígt þann 23.apríl 2009. Leikskólinn stendur við Ketilsflöt. Húsið er 1100 m² og skiptist í tvær álmur, eldri kjarninn kallast Hamrar og yngri kjarninn Lindir. Í hvorri álmur eru þrjár deildir, herbergi stoðþjónustu, ræstikompa og sameiginlegt fataherbergi. Gengið er í gegnum garðinn inn í leikskólann. Hver deild er um 70 m² og hefur uppá að bjóða tvær leikstofur. Salur og þjónusturými eru í miðju hússins, þar má nefna skrifstofu, undirbúningsherbergi, kaffistofu starfsfólks, eldhús, þvottahús og geymslu. Salurinn er í “hjarta” hússins, þar sem fram fer markviss hreyfipjálfun, samsöngur, leiksýningar og margt fleira. Hægt er að skipta salnum í tvennt þá nýtist hann meðal annars sem listasmiðja. Garðurinn er mjög rúmgóður, hann skiptist í nokkur svæði. Sandkassi, rólur og lítill kastali með rennibraut fyrir þau yngstu. Kastali og hringekja með hjólastólalagngengi. Fjórar rólur og ein kóngulóarróla. Svið eða uppheðsla úr

hellum fyrir samverustundir eða uppákomur og þar við hliðina er leikkofi. Stórt sjóræningjaskip með ýmsum útfærslum til klifurs og tréhestar eru á miðrými leiksvæðisins. Sandkassinn er með einum leikkofa og fyrir utan hann eru grjóthnullungar til að æfa jafnvægi og brú út í sandkassann. Malbikuð hjólabraut er á leikvellinum ásamt áningarstað með bekkjum og borðum. Hellulagðar vatnsbrautir eru á malbikuðu stéttarflötinni ásamt upphækkandi þúfum. Önnur af tveimur fánastöngum leikskólans eru á hól sem staðsettur er á miðjum leikvellinum sem nýttur er til að renna sér á yfir vetrartímann. Hin fánastöngin er fyrir framan leikskólann. Geymslukofar á svæðinu eru þrír sem hýsa hjól og útileikföng. Akrasel á sex farþega hjól sem rúma 4-6 börn og eina fimmbarnakerru, það gefur tækifæri til að fara í lengri ferðir með yngstu börnin.

Rekstraraðili

Akraneskaupstaður er rekstraraðili leikskólans, en samkvæmt lögum nr. 90/2008 bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla.

Opnunartími

Leikskólinn er opinn frá kl. 7.30-16.30 alla virka daga. Opnunartími leikskólans er gefinn út í verklagsreglum Akraneskaupstaðar og getur verið breytilegur frá ári til árs. Sameiginleg opnun er kl: 7.30 annars vegar á Læk og hins vegar á Kletti en allar aðrar deildar opna kl. 7.45. Þau börn sem eru með vistun frá kl. 7.30 byrja því daginn ýmist á Læk eða Kletti. Í lok dags er sami háttur hafður á og í upphafi dags kl 16:15 fara börnin Lindum inn á Læk og börnin á Hömrum inn á Klett. Ef veðrið er gott reynum við að vera úti í garði í lok dags. Einstaka sinnum er brugðið út af vananum og t.d. skilað í salnum en þá eru upplýsingar á töflum deildanna. Foreldrum ber að tilkynna fjarverur barna sinna til leikskólans, það er hægt að gera með því að hringja í leikskólann eða í gegn um Völu smáforritið. Við upphaf leikskóladvalar er gerður skriflegur samningur við foreldra um vistunartíma barnanna. Við biðjum foreldra að virða þennan samning þar sem fjöldi starfsmanna fer eftir viðveru barnanna á hverjum tíma.

Sérfæði og lyfjagjafir

Ef barn þarf að vera á sérfæði vegna óþols, fæðuofnæmis eða sjúkdóma, þarf samkvæmt verklagsreglum Akraneskaupstaðar að framvísa læknisvottorði frá viðeigandi sérfræðingi. Ætlast er til að vottorð séu endurnýjuð einu sinni á ári. Samkvæmt starfsreglum Akraneskaupstaðar er börnum ekki gefin lyf nema læknir meti að tímasetningar lyfjagjafir þurfi að koma inn á leikskólatíma barnsins.

Trúnaður

Starfsfólk leikskóla Akraneskaupstaðar er bundið þagnarskyldu sem gildir þótt starfsfólk láti af störfum. Foreldrar eru beðnir að sýna öðrum foreldrum og börnum þeirra þann trúnað að ræða ekki málefni þeirra utan leikskóla. Með tilkomu samfélagsmiðla þá viljum við árétta það við foreldra að þær myndir og upptökur sem foreldrar taka eða fá sendar af viðburðum skólans og daglegu starfi séu eingöngu til einkanota og alls ekki til birtingar á veraldarvefnum.

Í dagsins önn

Akrasel leggur upp með hlýju og alúð við móttöku barna og kveðjum í lok dags. Við viljum að börn og foreldrar upplifi að þau séu velkomin í leikskólann. Einnig gefum við foreldrum tækifæri á að staldra við í leikskólanum í upphafi og lok dags, þannig að barn geti byrjað á

daglegu verki eða lokið við þau verkefni sem verið er að vinna hverju sinni með foreldrum sínum.

Dagskipulag

Dagskipulag er sá rammi sem við styðjumst við til að afmarka athafnir. Hver og ein deild gerir sér svo verklag sem hentar.

Viðburðir

Vorhátíð

Vorhátíð er í júní sem skipulögð er með foreldrafélaginu. Afmæli leikskólans er í ágúst og við höldum upp á daginn með börnunum.

Vökudagar

Leikskólabörn taka þátt í menningarhátíðinni Vökudagar með beinum og óbeinum hætti. Tíðkast hefur að leikskólarnir standi fyrir sýningum og öðrum uppákomum, en það getur verið breytilegt frá ári til árs með hvaða hætti það er.

Dagur íslenskrar tungu

Þann 16. nóvember ár hvert, á Degi íslenskrar tungu er fæðingardags Jónasar Hallgrímssonar minnst með sameiginlegri samverustund í sal. Þar flytja börnin íslenskar vísur og ljóð sem þau hafa verið að æfa. Boðið er upp á opið hús fyrir foreldra eldri barna í tilefni dagsins þar sem börnin flytja íslenskar vísur.

Hrekkjavaka

Hefð hefur skapast fyrir því á Akraseli að halda upp á hrekkjavökuna. Nokkrum dögum fyrir hrekkjavökuna byrjar undirbúningurinn fyrir sjálfan daginn. Börnin útbúa skraut og skreyta deildina sína og á Hrekkjavökudaginn mæta börnin í búningum og gera sér glaðan dag.

Umferðarfræðsla

Að hausti er lögð megináhersla á notkun endurskinsmerkja og bílbelta. Við förum í gönguferðir og æfum okkur í umferðarreglum. Á vorin leggjum við að auki áherslu á hjólreiðar og notkun reiðhjólaihálma. Á hverju sumri hefur verið hjóladagur fyrir börnin á Hömrum, þá fá allir að koma með hjólið sitt og hjálminn í leikskólann.

Tannverndarvika

Embættis landlæknis og Tannlæknafélags Íslands standa fyrir tannverndarviku á hverju ári. Þessa viku er aukin áhersla lögð á tannvernd og hollt mataræði og ákveðinn árgangur fer í heimsókn til tannlæknis. Tannverndavikan er í lok mars. Ýmislegt fræðsluefni er aðgengilegt á vefsíðu embættis landlæknis í tannverndarvikunni.

Alþjóðavika

Samstarfsverkefni Akrasels á alþjóðavísu hafa stuðlað að alþjóðavíku ár hvert. Meðal verkefna í alþjóðavíku er að skoða ólíka menningu, borða framandi mat, læra ólíka þjóðdansa, skoða og búa til þjóðfána ýmissa landa og skoða heimskortið.

Jólaskemmtun

Haldin er jólaskemmtun í desember og taka börnin virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd hennar.

Þorrinn

Í tengslum við þorrann er unnið með „gamla“ tímann, lesnar þjóðsögur og íslensk ævintýri. Við höfum rafmagnslausan dag og höfum fengið kassa frá þjóðminjasafninu með gömlum leikföngum. Hefð hefur skapast fyrir því að stúlkurnar gleðja drengina á bóndadegi og þeir síðan endurgjalda það á konudegi. Bóndadagur og konudagur eru haldnir hátíðlegir í Akraseli með því að bjóða til morgunverðar.

Dagur leikskólans

Að frumkvæði Félags leikskólakennara var ákveðið að 6. febrúar verði tileinkaður leikskólum á Íslandi, en þann dag árið 1950 var fyrsta félag leikskólakennara stofnað. Markmiðið með degi leikskólans er m.a. að gera leikskólastarfið sýnilegra.

Bollu- Ösku- og Sprengidagur

Bollu-, ösku-, og sprengidagar eru haldnir hátíðlegir með tilheyrandi hefðum.

Dagur umhverfisins

Dagur umhverfisins er 25. apríl og í tilefni hans förum við og hreinsum rusl í nánasta umhverfi leikskólans.

Árgangamót leikskólanna

Á vormánuðum á hverju ári hittast tveir af árgöngum nemenda í leikskólum Akraneskaupstaðar. Yngri árgangurinn hittist á Merkurtúni, eldri árgangurinn hittist í Garðalundi. Markmið með samstarfinu er að börnin kynnist innbyrðis og leiki sér saman.

Útskrift

Við lok skólaárs er útskrift og útskriftaferð elstu barna leikskólans.

Ávaxtar- og grænmetisvika

Á haust- og vorönn höldum við ávaxtar- og grænmetisviku. Þá koma börnin með einn ávöxt í leikskólann daglega, við skoðum ávextina og höldum veislu. Við gerum ýmsar tilraunir með ávaxta og grænmetissteina.

Starfsáætlun - ársskýrslur – skóladagatal - áætlanir

Leikskólinn gerir starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahaldið. Áætlunin gildir frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Ársskýrsla er gefin út að hausti þar sem tölulegar upplýsingar og skólastarfið er tíundað. Í skóladagatali koma fram dagsetningar á föstum viðburðum leikskólans. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu leikskólans <http://akrasel.is>.

Á heimasíðu leikskólans má finna námskrár fyrir alla árganga, öryggisáætlun, eineltisáætlun og jafnréttisáætlun. Í smíðum í leikskólanum er móttökuáætlun fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna.

Gæðaviðmið og mat á skólastarfi

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 eru ákvæði um mat og eftirlit sveitarfélaga með leikskólastarfi. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar innra mat og hins vegar ytra mat. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum eru samkvæmt lögnum að:

- A. Veita upplýsingar um leikskólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- B. Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- C. Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat

Innra mat er mat sem skólar framkvæma sjálfir. Starfið er í sífelldu mati og endurmat gert á því í lok hvers skólaárs um það hvað megi betur fara á næsta skólaári. Starfsfólk metur skólastarfið tvisvar sinnum á ári út frá endurmati fyrri ára. Það er metið í byrjun janúar og út frá því er unnið umbótaáætlun og unnið er eftir henni fram að vori í maí er aftur farið yfir endurmatið. Börn og foreldrar fá að koma að endurmatinu með því að svara spurningalista um skólastarfið.

Könnun er gerð meðal starfsmanna með reglubundnum hætti, sem skólastjórnendur sjá um. Sú könnun fer fram í formi viðtala einu sinni til tvisvar sinnum yfir skólaárið. Í því er rætt um líðan starfsmanna, skólastarfið og næsta skólaár. Starfsfólk leikskólans er hvatt til endurmenntunar enda er mikilvægt fyrir starfsfólk leikskólans að þróa sig sem fagmenn.

Líðansamtöl við tvo elstu árganganna í leikskólanum eru gerð einu sinni til tvisvar á ári. Börnin svara spurningum út frá myndum þar sem notaðar eru tilfinningar á borð við mjög glaður, glaður, leiður, hræddur og reiður. Þau eru einnig spurð að því hvort það sér eitthvað sem lætur þeim líða illa og ef svo er hvort að kennarar geti hjálpað þeim að líða betur.

Foreldraviðtöl eru tvívar á ár. Þar fá foreldrar tækifæri til að koma með ábendingar um hvað betur megi gera í leikskólastarfinu.

Nokkrum vikum eftir að börn byrja í leikskólanum eru aðlögunarsamtöl við foreldra, þar sem foreldum gefst kostur á að koma með ábendingar og tillögur um hvað betur megi gera í starfinu.

Ytra mat

Ytra mat er mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Kannanir eru gerðar annað hvert ár á vegum skóla- og

frístundasviðs. Foreldrar elsta og yngsta árgangs svara könnun og leggja þannig sitt mat á starfsemi leikskólans. Ytra mat á vegum menntamálastofnunar var gert haustið 2021. Í kjölfarið af ytra mati var gerð umbótaáætlun í leikskólanum. Allir þættir umbótaáætlunarinnar hafa ýmist verið unnir eða eru á vinnslustigi. Hér má sjá ytra matið í heild sinni: [leikskolinn_akrasel.pdf](#).

Foreldrasamstarf

Samvinna sem byggir á gagnkvæmu trausti og jákvæðni er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og líðan barnsins í leikskólanum. Með góðri samvinnu gengur allt miklu betur og velferð barnanna er í brennidepli.

Ný börn

Í upphafi skólagöngu barna boðar leikskólastjóri foreldra nýju barnanna á sameiginlegan fund. Á fundinum er farið yfir starfsemi leikskólans og starfsfólk kynnt. Foreldrum er afhent gögn sem þarf að fylla út og farið er yfir framkvæmd þátttökuaðlögunar.

Aðlögun

Barnið þarf að fá góðan tíma til að kynnst leikskólanum og starfsfólki því góð aðlögun hefur mikla þýðingu varðandi áframhaldandi dvöl barnsins. Á þessu tímabili kynnst barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Það þarf að aðlagast nýju umhverfi, nýju fólki, læra að vera í hóp, fara eftir reglum og fleira.

Foreldrar eru inni á deild með börnum sínum frá mætingu og þar til er farið í útiveru. Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Einungis eitt/annað foreldri er á staðnum í einu. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir kynnst börnunum, skipuleggja daginn og leggja til leikefni.

Skipulag aðlögunar verður eftirfarandi:

Dagur 1 Heimsókn í leikskólann. Foreldri með allan tímann enda daginn á útiveru, börn og foreldrar þurfa að klæða sig eftir veðri.

Dagur 2 Foreldrar koma inn á deild með barninu eru með í morgunmat, leik, samveru og ávaxtastund. Síðan klæða foreldrar barn sitt út eru með í útiveru í einhvern tíma. Kveðja barnið í útveru og sækja barnið eftir hádegismat.

Dagur 3 Foreldrar koma inn á deild með barninu eru með í morgunmat, leik, samveru og ávaxtastund. Síðan klæða foreldrar barn sitt út eru með í útiveru í einhvern tíma. Kveðja barnið í útveru og sækja barnið eftir svefn barnsins - það verður hringt í foreldra.

Dagur 4 Foreldrar koma inn á deild með barninu eru með í morgunmat, leik, samveru og ávaxtastund. Foreldrar kanna hvort barnið er orðið öruggt og prufa að kveðja inni ef barnið er óöruggt þá klæða foreldrar barn sitt út eru með í útiveru í einhvern tíma. Kveðja barnið í útveru og sækja barnið eftir svefn barnsins. Við hringjum í foreldra þegar barnið vaknar.

Dagur 5 Foreldrar koma inn á deild með barninu eru með í morgunmat, leik, samveru og ávaxtastund. Foreldrar kanna hvort barnið er orðið öruggt og prufa að kveðja inni annars klæða foreldrar barn sitt út eru með í útiveru í einhvern tíma. Kveðja barnið í útveru og sækja í lok vistunartíma.

Mikilvægt er að minna á trúnað og þagnarskyldu þar sem ljóst er að með viðveru foreldra fá foreldrar óbeinar upplýsingar um önnur börn.

Myndataka af annarra börnum er með öllu óheimil af hálfu leikskólans og biðjum foreldra vinsamlegast að geyma símana á meðan á aðlögun standur.

Við erum alltaf tilbúin í samtal. Góð samvinna milli heimilis og skóla er eitt af því dýrmætasta sem við getum skapað með góðum samskiptum.

Aðlögun á milli deilda

Þegar börn flytjast á milli deilda fer hópur af börnum saman. Við pössum upp á að allir eiga vin í hópnum. Við reynum að senda alltaf kennara frá gömlu deildinni með hópnum sem er með þeim í lengri eða styttri tíma. Að vori þegar elstu börnin fara í útskriftarferð notum við tækifærið og leyfum börnunum að prufa að vera heilan dag á deildinni sem þau verða á eftir sumarfrí. Það er mikil gleði sem fylgir því að skipta um deild, sér í lagi þegar börnin flytjast frá Lindum yfir á Hamra. Eftir sumarfrí mæta börnin á gömlu deildina sína og síðan flytja þau sjálf með sitt dót yfir á nýju deildina, velja sér hólf í fataherbergi og fá skúffu inn á deild til persónulegra nota.

Foreldraráð

Foreldraráð er kosið ár hvert (skv. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90), að lágmarki þrjá foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda/fjölskylduráðs (sbr. 2. gr. 4. Gr. laga um leikskóla) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið fylgist einnig með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Ráðið setur sér starfsreglur og starfar leikskólastjóri með ráðinu. Foreldrar hafa verið beðnir um að gefa kost á sér í foreldraráð þar sem við höfum ekki boðið uppá sameiginlegan fund að hausti.

Foreldrafélag

Foreldrar í Akraseli ákváðu að við leikskólann starfi foreldrafélag, í foreldrafélagi leikskólans eru allir foreldrar. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna. Foreldrafélagið innheimtir Krakkasjóð til að fjármagna skemmtanir og viðburði á vegum félagsins.

Samstarf

Samstarf við stoðþjónustu – stuðningur

Kennslustjóri stoðþjónustu leikskólans hefur umsjón með málefnum einstakra barna. Sérfræðiþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur og foreldra þeirra og er hins vegar stuðningur við starfsemi skóla og starfsfólk þess. Sótt er um aukna þjónustu í leikskólum fyrir einstök börn sem þurfa á slíkri aðstoð og þjálfun að halda. Tilvísanir til sérfræðiþjónustu

eru í samvinnu við leikskóla en einnig geta foreldra óskað eftir samþættri þjónustu, athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Leikskólastjóri samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðiþjónustunni skv. 21. gr. laga um leikskóla. Akrasel vinnur með snemmtæka íhlutun og inngildandi (*e.inclusion*) skólastarf.

Brúum bilið

Í lögum og Aðalnámskrám bæði í leik- og grunnskóla er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli koma á samstarfi milli skólastiganna. Grunnur að slíku samstarfi var lagður með samstarfi Grundaskóla og Garðasels árið 1994. Formlegt samstarf á milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi hófst þegar rekstur grunnskóla fluttist yfir til sveitarfélaganna og skólaskrifstofa Akraness tók til starfa 1996. Starfshættir og umhverfi í leik- og grunnskólum eru ólíkir. Því eru oft miklar breytingar fyrir nemendur að fara á milli þessara skólastiga. Markmið með samstarfinu Brúum bilið er að:

- tengja skólastigin saman
- skapa samfellu í námi og kennslu nemenda á þessum tveimur skólastigum
- byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum
- stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli þessara skólastiga
- kynna börnunum fyrir grunnskólanum sínum

Akrasel á í samstarfi við bæði Grundaskóla og Brekkubæjarskóla. Báðir skólarnir bjóða upp á haust- og vorskóla. Þá fara börnin í sinn hverfissskóla. Heimsóknartímabilið er í þrjá daga hvora önn og um vorið endar samstarfið með „húllum-hæi“ þar sem leikskólabörn og fyrstu bekkingar gera sér glaðan dag. Að hausti er haldin skilafundur með grunnskólunum þar sem farið er yfir upplýsingar varðandi börnin sem eru að fara á milli skólastiga. Niðurstöður úr hljómprófi fylgja börnum upp í grunnskóla og einnig persónuupplýsingar um börn í leikskóla sem eru nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla.

„Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og [vinnslu] ¹⁾ persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess (lög um leikskóla nr.90/2008)“.

Samstarf við menntastofnanir

Akrasel hefur tekið þátt í verkefnum þar sem nemar úr grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum hafa sinnt námi og starfi til lengri eða skemmri tíma. Akrasel hefur verið í verkefni með tónlistakólanum þar sem elstu börnin æfa söng undir handleiðslu kennara tónlistaskólans.

Skóla- og frístundasvið

Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs er næsti yfirmaður leikskólastjóra og veitir hann stjórnunarlega ráðgjöf.

Sambætt þjónusta í þágu farsældar barna

Með tilkomu nýrra laga um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) eru breytingar í þjónustu við börn og fjölskyldur. Þeir sem koma að þjónustu við barn á einn eða annan hátt, eiga að fylgjast með velferð og farsæld barnsins, meta þörf þess fyrir þjónustu og bregðast við á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur. Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að sambættri þjónustu við hæfi án hindrana. Sá sem veitir farsældarþjónustu kallast þjónustuveitandi

Til þjónustuveitenda teljast t.d. leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd. Þjónustuveitendum ber að hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónustan sé samfelld og sambætt, þ.e.a.s. að allir séu að vinna saman og að sameiginlegum markmiðum til að tryggja farsæld og velferð barns. Samvinna, sameiginleg markmið og snemmtækur stuðningur eru lykilatriði.

Þjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur þjónustustigum:

1. Stig – er grunnþjónusta fyrir alla – snemmtækur stuðningur
2. Stig – er markviss stuðningsþjónusta byggð á faglegu mati eða frumgreiningu
3. Stig - er sérhæfðari stuðningsþjónusta í samræmi við ítarlega greiningu á þörfum

Strax við fæðingu barns, eða eftir atvikum á meðgöngu, eiga foreldrar og börn rétt á þjónustu tengiliðar eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við sambættingu þjónustu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns.

Tengiliður Akrasels er Sigurrós Ingimarsdóttir aðstloðarleik- og sérkennslustjóri.

Óski foreldrar eftir aðkomu sérfræðings, sækja þeir um sambættaþjónustu hjá tengilið leikskólans eða á vef Akraneskaupstaðar. Þegar barn fer í sambætta þjónustu er búið til stuðningsteymi fyrir barnið. Í stuðningsteyminu sytja foreldrar, deildarstjóri, tengiliður og aðrir fagaaðilar sem koma að barninu. *Stuðningsteymi er vettvangur þar sem þjónustuveitendur og eftir atvikum þeir sem veita barni almenna þjónustu eiga samstarf um sambættingu þjónustunnar.* Stuðningsteymi gerir stuðningsáætlun og fylgir henni eftir.

- Tengiliður í sambættri þjónustu leiði stuðningsteymi í máli sem er unnið á fyrsta stigi.
- Málstjóri í sambættri þjónustu leiði stuðningsteymi í málum á öðru og þriðja stigi.

Bókasafnið

Leikskólinn hefur aðgengi að Bókasafni Akraness.

Að lokum

Dagsetning: 14 mars 2023.

Undirritaðar sáu um endurskoðun og endurgerð; Anney, Ásta Huld, Guðfinna Erla, Guðrún, Jóhanna Ólöf, Jóhanna, Kolbrún Hlíf, María Kristín og Sigurrós.

Prófarkarlestur: María Kristín Óskarsdóttir.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Bardales, D. og Arenas, P. (2014). *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun: Framtíð fyrir alla*. (Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi þýddi). Alþjóðahreyfing barna í Suður- og Mið- Ameríku og Karabískahafinu.

Lög um framhaldskóla nr 92/2008.

Lög um grunnskóla nr 91/2008.

Lög um leikskóla nr 90/2008.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr 19/2013.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr 86/2021.

©